

2. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður skal greiða framlag til Styrktarsjóðs vangefinna er nemur 10 kr. af hverjum lítra innlendrar framleiðslu sem fellur undir tollskrárnúmer 22.01.01, 22.02.01, 22.02.09, 22.03.01 og 22.03.09. Sjóðurinn er í vörslu félagsmálaráðuneytisins.

Framlagi ríkissjóðs skal varið til að reisa og endurbæta stofnanir fyrir vangefið fólk.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978 og gilda til 31. desember 1978.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 49 20. maí 1977, um sérstakt tímabundið vörugjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málslíður 1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Skal gjaldið vera 18% til 31. desember 1978 og greiðast af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum:

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.